

Veiðifélag Kjósarhrepps
Káraneskoti
276 Mosfellsbær

Reykjavík, 29.6.2022
UST202205-317/F.T.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 10. júní 2022 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er skráð var í eftirliti í fiskeldisstöð Veiðifélags Kjósarhrepps dags. 1. september sl.

Frávikið er eftirfarandi:

1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis. Skv. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka II hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út.

Rekstraraðili sótti um leyfi þann 3. janúar 2021. Þann 1. febrúar upplýsti Umhverfisstofnun rekstraraðila um að fjölmörg gögn vantaði í umsóknina sem tiltekið er í gagnagátt að skila skuli samhliða umsókn. Rekstraraðili svaraði þann 6. apríl og sagðist eiga erfitt með að senda umbeðin gögn vegna smæðar stöðvarinnar. Ítrekað var af hálfu stofnunarinnar að umbeðnum gögnum yrði að skila. Erindið var ítrekað þann 5. maí sl. og vakti stofnunin athygli rekstraraðila á því að rekstraraðili skyldi senda stofnuninni upplýsingar um hvenær umræddum gögnum yrði skilað. Fengi stofnunin ekki viðbrögð við póstinum innan tveggja vikna yrði beiting þvingunarúrræða skv. lögum nr. 7/1998 tekin til skoðunar.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreinds fráviks til 24. júní 2022. Stofnuninni hefur ekki borist tímasetta áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 8. ágúst nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og

mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 38.000 kr.**

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur